



Til: skuli.thoroddsen@os.is

Efni: Beiðni um umsögn um umsókn Navitas ehf. um rannsóknarleyfi vegna mögulegra virkjunarkosta á afmörkuðum vatnasvæðum í Kaldrananeshreppi og Strandabyggð

Upplýsingar:

Sent: 24.05.2018 16:46:00 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2018050010, Bréfalyklar: 42-0 Ums almennt

Tilvísun í mál: 2018050010

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 30. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Navitas ehf. um rannsóknarleyfi vegna mögulegra virkjunarkosta á afmörkuðum vatnasvæðum í Kaldrananeshreppi og Strandabyggð. Sótt er um rannsóknaleyfi til 7 ára.

Orkustofnun hefur veigamiklu hlutverki að gegna samkvæmt lögum nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun. Í samræmi við hlutverk Orkustofnunar óskar Náttúrufræðistofnun eftir því að framvegis komi skýrt fram í erindum eins og því sem hér er til umfjöllunar hver sé staða viðkomandi rannsóknasvæðis og/eða virkjunarkosts samkvæmt lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun. Að mati Náttúrufræðistofnunar þarf að koma skýrt fram hvort viðkomandi rannsóknarsvæði og/eða virkjunarkostur séu í nýtingar-, verndar- eða biðflokki eða hvort ekki hefur verið fjallað um svæðið eða virkjunarkosti sem þar kunna að vera samkvæmt framangreindum lögum.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem Náttúrufræðistofnun hefur hefur ekki verið fjallað um það svæði sem hér er sótt um rannsóknarleyfi fyrir í „Rammaáætlun“ samkvæmt framangreindum lögum. Umsóknin virðist á köflum vera sambland af umsókn um rannsóknar- og nýtingarleyfi því í henni er tíundað ýmislegt er varðar þætti sem koma fyrst til ef nýtingarleyfi verður gefið út. Að mati Náttúrufræðistofnunar þurfa að vera skýr skil á milli þess sem leyfishafa er heimilt að framkvæma og leggja drög að samkvæmt útgefnu rannsóknarleyfi og þess sem snýr að nýtingarleyfi ef og þegar til þess kemur en það er ekki til umfjöllunar hér. Til dæmis segir í lið 3 undir Kafla 3. Tímasetning rannsóknaverkefnis „2019-2025. Nánar afmörkuð virkjanaverkefni fari í hefðbundið ferli í hönnun og mat á umhverfisáhrifum ásamt öflun gagna og leyfa sem þarf að afla.“ Samkvæmt erindinu er sótt um rannsóknaleyfi til 7 ára. Rannsóknaleyfi gefur ekki heimild til að fara t.d. í mat á umhverfisáhrifum fyrir virkjunarkost.

Innan rannsóknarsvæðisins er hluti af svæði nr. 327 á náttúruminjaskrá, Veiðileysa og Kaldbaksdalur, Árneshreppi, Kaldranahreppi, Strandasýslu. (1) Fjalllendið milli Veiðileysu og Kaldbaksdals ásamt honum. Að sunnan ræður lína úr Kaldbakshorni um Sandfell að þríhyrningamælistað (674 m) suðvestan við Hveratungu, þaðan um Strýtu að Bæjará. Norðurmörk fylgja Bæjará í botn Veiðileysu. Fjörur, strandlengja og grunnsævi frá ósi Bæjarár í Veiðileysu að Brimnesi undan Kaldbakshorni. (2) Stórskorið og margbreytilegt landslag. Sjávarlón.

Niðurstaða

Land það sem hér um ræðir er að miklu leiti ósnortið og hluti þess er á náttúruminjaskrá. Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við að leyfi sé veitt til rannsókna sem ekki hafa í för með sér rask á landi hvorki vegna rannsóknanna sjálfra eða t.d. aksturs utan vega. Einnig telur stofnunin að einungis eigi að veita leyfi í samræmi við 3. og 4. mgr. 5. gr. laga nr 48/2011 þar

sem segir: „Heimilt er að veita leyfi tengd orkurannsóknnum og stunda orkurannsóknir sem ekki eru leyfisskyldar vegna virkjunarkosta í biðflokki enda séu framkvæmdir vegna þeirra ekki matsskyldar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum eða háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt ákvörðun Skipulagsstofnunar eða, þegar við á, úrskurði ráðherra.

Virkjunarkostir sem verndar- og orkunýtingaráætlun á að taka til skv. 3. mgr. 3. gr. og ekki hefur verið tekin afstaða til í gildandi verndar- og orkunýtingaráætlun skulu lúta sömu reglum og virkjunarkostir í biðflokki áætlunarinnar."

Að öðru leiti gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemd við erindið en bendir á að þess sé gætt að farið sé að lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd eins og við á.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is

